

Ár 2018, miðvikudaginn 28. febrúar, er í Áfrýjunardómstóli ÍSÍ. I málinu nr. 1/2018:

Bergur Sverrisson

gegn

Lyfjaráði ÍSÍ

uppkveðinn svohljóðandi

dómur:

Málið dæma Helgi Sigurðsson, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Áfrýjandi skaut málinu til dómstólsins með áfrýjun hinn 1. febrúar 2018. Áfrýjað er dómi Dómstóls Íþróttá- og Ólympiusambands Íslands frá 26. janúar 2018 í máli nr. 6/2017. Dómsorð hins áfrýjaða dóms er svohljóðandi: „Kærði, Bergur Sverrisson, er dæmdur til fjögurra ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 27. nóvember 2016. Kröfu um málskostnað er hafnað.“

Fyrir dómstólnum gerir áfrýjandi *adallega* þá kröfu að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og *til vara* að refsing hans verði lækkuð verulega. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda á báðum dómstigum.

Stefndi gerir þá kröfu að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Málið var dómtekið að lokinni fyrirtöku þess miðvikudaginn 21. febrúar 2018. Af hálfu áfrýjanda var mættur Ragnar Baldursson hrl. og af hálfu stefnda þeir Davið Rúrik Ólafsson, formaður lyfjaráðs ÍSÍ og Birgir Sverrisson, verkefnastjóri lyfjaeftirlits hjá ÍSÍ. Lögmaður áfrýjanda og þeir Davið og Birgir gerðu grein fyrir sjónarmiðum hvors aðila um sig.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi sem og málsástæður hvors aðila um sig og visast til þess.


Með visan til forsendna hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur. Málskostnaður fyrir Áfrýjunardómstóli ÍSÍ fellur niður.


Helgi Sigurðsson


Helga Melkorka Óttarsdóttir


Hulda Árnadóttir